

## Persónuverndarstefna Orka Card

Orka Card Aps - Amaliegade 6, 1256 København K, Danmörku (skráningarnúmer 40597166) (hér eftir „Orka Card“) er samningsaðili gagnvart viðskiptavinum varðandi notkun farsímaforritsins ORKA Card Mobile App (hér eftir „appið“). Orka Card er umsjónaraðili eða úrvinnsluaðili gagna, allt eftir samkomulagi við viðskiptafélaga okkar varðandi þær persónuupplýsingar sem við öflum um þig og við tryggjum að farið sé með upplýsingar þínar samkvæmt lögum sem og í samræmi við einstaka samninga.

Í þessari stefnu vísar hugtakið „viðskiptavinir“ til einstaklings, eða tengiliðar sem kemur fram fyrir hönd lögaðila, sem gengist hefur undir samning við Orka Card. Hugtakið „hugsanlegur viðskiptavinur“ vísar til einstaklings, eða tengiliðar sem kemur fram fyrir hönd lögaðila, sem hefur veitt samþykki sitt utan viðskiptavinasambands fyrir vinnslu persónuupplýsinga sinna í markaðsskyni og er þess vegna hluti af markaðssetningarskrá.

Við tökum gagnavernd alvarlega og höfum tekið upp þessa persónuverndarstefnu til að upplýsa þig um það hvernig við vinnum úr persónuupplýsingum þínum.

### Tengiliður í málum sem varða skrár

Viljir þú sem viðskiptavinur eða hugsanlegur viðskiptavinur nýta þér réttindi þín í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga geturðu haft samband við okkur með eftirfarandi hætti:

- Heimilisfang: Amaliegade 6, 1256 København K, Danmörku
- Netfang: [privacy@orkacard.com](mailto:privacy@orkacard.com)

### Úrvinnsla persónuupplýsinga

Tilgangurinn með vinnslu persónuupplýsinga og skránum er að reka starfsemina og vegna notkunar á appinu. Orka Card vinnur jafnframt úr persónuupplýsingum til þess að hlíta lögbundnum skyldum sínum, svo sem að bera kennsl á viðskiptavini sína, uppfylla skuldbindingar varðandi áreiðanleikakannanir (know-your-client) og framkvæmd á hæfismati.

Sem umsjónaraðili gagna höfum við innleitt viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að gögnin þín eyðist, birtist, glatist, skemmist, þeim sé lekið, þau misnotuð eða með öðrum hætti meðhöndluð í bága við gildandi lög, fyrir mistök eða með ólöglegum hætti. Við tryggjum að vinnsla fari einungis fram í samræmi við reglur um gagnavernd, sbr. 5. gr. GDPR.

Þegar við vinnum sem úrvinnsluaðili gagna vinnum við úr gögnum í samræmi við einstök fyrirmæli frá umsjónaraðila gagna og þær skyldur sem kveðið er á um í einstökum gagnavinnslusamningum sem aftur eru í samræmi við reglur um gagnavernd, sbr. 5. gr. GDPR.

Þegar við vinnum með öðrum aðilum sem sameiginlegur úrvinnsluaðili gagna skilgreinum við tilganginn með vinnslu persónuupplýsinga í sameiningu við hinn úrvinnsluaðilann og tryggjum í sameiningu að vinnsla fari aðeins fram í samræmi við reglur um gagnavernd, sbr. 5. gr. GDPR.

Hér á eftir má sjá lagalegan grundvöll fyrir úrvinnslu upplýsinga þinna, í hvað tilgangi það er gert og hve lengi við geymum þær.

## Gestir á vefsvæði

Þegar þú heimsækir vefsvæði ORKA Card vinnum við eftirfarandi persónuupplýsingar um þig:

- IP-tölu
- kvik IP-tölu
- vefkökur, sbr. vefkökustefnu
- allar upplýsingar sem aflað er í gegnum samskiptaeyðublað vefsvæðisins (nafn, netfang og símanúmer)

Við söfnum persónuupplýsingum um gesti vefsvæðisins í þeim tilgangi að:

- Sérsníða auglýsingar á vefsvæðinu
- Laga vefsvæðið að óskum notenda
- Greiða fyrir samskiptum við notendur að ósk þeirra
- Besta rekstur vefsvæðisins

Við söfnum upplýsingunum á eftirfarandi lagalegum grundvelli:

- Samþykki hefur verið veitt í gegnum samþykkiseyðublað okkar og/eða vefkökuborða, sbr. GDPR gr. 6(1)(a)
- Lögmætir hagsmunir samsteypunnar, þ.e. sem hagstæðust umsjón vefsvæðisins, sbr. GDPR gr. 6(1)(f).

Við geymum upplýsingarnar ekki lengur en heimilt er samkvæmt lögum og eyðum þeim um leið og þeirra er ekki lengur þörf í framangreindum tilgangi. Geymslutímabilið fer eftir tegund upplýsinganna og tilgangi vinnslu þeirra. Alla jafna er persónuupplýsingum um gesti vefsvæðisins eytt við árlega yfirferð ef engin samskipti eiga sér stað við viðkomandi aðila.

## Hugsanlegir viðskiptavinir

Ef þú ert hugsanlegur viðskiptavinur okkar er nauðsynlegt fyrir okkur að safna eftirfarandi upplýsingum um þig:

- Fullu nafni, fæðingardegi, fæðingarstað, kyn, kennitölu, þjóðerni;
- Símanúmeri, netfangi;
- Heimilisfangi á dvalarstað, heimilisfangi á afhendingarstað;
- Skilríki (myndaafriti, tölvulesanlegu svæði, útgáfulandi, tegund skilríkja, númeri skilríkja, gildistíma, útgáfudagsetningu, yfirvald, hæð);
- Sjálfsmynd, Liveliness-myndskeiði;
- IP-tölu, stýrikerfi tækis, stað, auðkenni tækis;
- Niðurstöðum varðandi PEP/refsiaðgerðir;
- Númeri bankareiknings, færslusögu;
- Færslufirliti.

Þessum upplýsingum er safnað um hugsanlega viðskiptavini vegna:

- Hugsanlegs samstarfs eða sölu í framtíðinni
- Umsjónar með sambandi þínu við okkur og/eða samstarfsaðila okkar

Við söfnum upplýsingunum á eftirfarandi lagalegum grundvelli:

- Samþykki veitt í gegnum samþykkiseyðublað, sbr. GDPR gr. 6(1)(a)
- Vegna framkvæmdar á samningi um debetkort og/eða lánasamninga við aðra aðila, sbr. GDPR gr. 6(1)(b)
- Til að uppfylla lagalegar skyldur í tengslum við fjárhagslegar reglur eða aðrar reglur, sbr. GDPR gr. 6(1)(c)

- Lögmætir hagsmunir samsteypunnar í því skyni að veita viðskiptavinum góða þjónustu kunna einnig að kalla á vinnsluna og við tryggjum að ekki verði gengið á réttindi þín við að uppfylla lögmæta hagsmuni okkar, sbr. GDPR gr. 6(1)(f)

Við geymum upplýsingarnar ekki lengur en heimilt er samkvæmt lögum og eyðum þeim um leið og þeirra er ekki lengur þörf í framangreindum tilgangi. Geymslutímabilið fer eftir tegund upplýsinganna og tilgangi vinnslu þeirra. Alla jafna er upplýsingum um núverandi og hugsanlega viðskiptavini eytt í lok samningstímans eða þegar þær teljast ekki lengur hafa gildi. Upplýsingum um hugsanlega viðskiptavini er eytt tveimur árum eftir síðustu samskipti eða samkvæmt beiðni.

Ef við birtum vitnisburði frá viðskiptavinum er það aðeins gert að fengnu samþykki þínu.

## Birgjar og samstarfsaðilar

Til þess að þú getir verið birgjar eða samstarfsaðili okkar er nauðsynlegt fyrir okkur að safna eftirfarandi upplýsingum um þig:

- Nafni og samskiptaupplýsingum þess eða þeirra aðila sem koma fram fyrir hönd birgjis og/eða samstarfsaðila.
- Heiti fyrirtækis birgisins og/eða samstarfsaðilans sem þú ert fulltrúi fyrir.

Þessum upplýsingum um birgja og samstarfsaðila er safnað vegna:

- Vinnslu á kaupum þínum
- Umsjóunar með sambandi þínu við okkur

Við söfnum upplýsingunum á eftirfarandi lagalegum grundvelli:

- Samþykki veitt í gegnum samþykkiseyðublað, sbr. GDPR gr. 6(1)(a)
- Vegna framkvæmdar samninga eða samstarfssamninga, sbr. GDPR gr. 6(1)(b)
- Til að uppfylla lagalegar skyldur í tengslum við fjárhagslegar reglur og/eða aðrar reglur, sbr. GDPR gr. 6(1)(c)
- Lögmætir hagsmunir samsteypunnar svo sem úttekt á hugsanlegum birgjum og/eða samstarfsaðilum sem taldir eru áhugaverðir í tengslum við þá þjónustu sem við veitum kalla á vinnsluna og við tryggjum að ekki verði gengið á réttindi þín við að uppfylla lögmæta hagsmuni okkar, sbr. GDPR gr. 6(1)(f)

Við geymum upplýsingarnar ekki lengur en heimilt er samkvæmt lögum og eyðum þeim um leið og þeirra er ekki lengur þörf í framangreindum tilgangi. Geymslutímabilið fer eftir tegund upplýsinganna og tilgangi vinnslu þeirra.

Upplýsingum um birgja er eytt þegar okkur ber ekki lengur að geyma persónuupplýsingar á fyrrgreindum lagalegum grundvelli.

## Frekari upplýsingar um gagnavinnslu

### Upptaka á símtölum – skrásetning

Í því skyni að skrá innihald símtala okkar við viðskiptavini, samstarfsaðila og birgja kemur fyrir að við tökum símtalið upp þegar haft er samband við okkur símleiðis.

Við söfnum eftirfarandi upplýsingum um þig:

- Nafni og ástæðu þess að þú hafðir samband við okkur
- Samningsupplýsingum sem þér tengjast

Frekari upplýsingum kann að vera safnað, allt eftir því hvernig símtalinu vindur fram.

Við söfnum upplýsingunum á eftirfarandi lagalegum grundvelli: samþykki eða skuldbinding skv. samningi, sbr. GDPR gr. 6 (1) a) eða 6 (1) b)

Við geymum upplýsingar sem aflað er í gegnum síma ekki lengur en heimilt er samkvæmt lögum. Upplýsingarnar eru geymdar í þrjá mánuði nema gildar ástæður séu fyrir því að geyma þær lengur.

Þegar þú hefur samband við okkur símleiðis muntu heyra upptöku af skilaboðum þar sem þér er gefið til kynna að símtalið verði tekið upp. Skilaboðin innihalda upplýsingar um tilgang upptökunnar ásamt því hvar þú getur nálgast frekari upplýsingar um úrvinnslu persónuupplýsinga.

### Upptaka á símtölum – vegna þjálfunar

Þegar þú hefur samband við okkur símleiðis kemur fyrir að við tökum símtalið upp í því skyni að þjálfva starfsfólk okkar.

Við söfnum eftirfarandi upplýsingum um þig:

- Nafni og ástæðu þess að þú hafðir samband við okkur
- Samningsupplýsingum sem þér tengjast

Frekari upplýsingum kann að vera safnað, allt eftir því hvernig símtalinu vindur fram.

Við tökum samtalið aðeins upp ef þú hefur samþykkt upptökuna, sbr. GDPR gr. 6(1)(a)

Persónuupplýsingar eru ekki geymdar lengur en í þrjá mánuði nema gildar ástæður séu fyrir því að geyma þær lengur.

Þegar þú hefur samband við okkur símleiðis muntu heyra upptöku af skilaboðum þar sem þér er sagt að við viljum taka símtalið upp, hvernig þú getir samþykkt það og dregið samþykki þitt til baka, hvernig við munum nota upptökuna og hvar þú getur nálgast frekari upplýsingar um úrvinnslu persónuupplýsinganna sem aflað er í símtalinu.

### Persónugreining og ákvarðanataka

Þær aðstæður geta komið upp að við, eða samstarfsaðilar okkar sem við erum umsjónar- eða úrvinnsluaðili gagna fyrir, munum nota sjálfvirka ákvarðanatöku og/eða persónugreiningu við úrvinnslu persónuupplýsinga þinna. Slíkt verður gert að viðhöfðum viðeigandi tæknilegum og skipulagslegum ráðstöfunum til að vernda réttindi þín og lögmæta hagsmuni, sbr. GDPR gr. 22.

Sjálfvirk ákvarðanataka á sér stað í eftirfarandi tilgangi:

- almenn persónugreining
- ákvarðanir sem byggjast á persónugreiningu
- ákvarðanir sem byggjast eingöngu á sjálfvirkri úrvinnslu, þ.m.t. persónugreiningu, sem eru lagalega bindandi eða geta með öðrum hætti haft mikil áhrif á viðfang gagnanna í tengslum við umsóknir um debetkort eða lán í formi lánshæfiseinkunnar og lagalegra skilyrða í tengslum við reglugerðir varðandi peningabætti og fjármögnun hryðjuverkastarfsemi (AML og CFT) eða aðrar efnahagslegar reglugerðir.

Við vinnum úr persónuupplýsingunum á eftirfarandi lagalegum grundvelli:

- Samþykki hefur verið veitt sérstaklega í gegnum samþykkiseyðublað, sbr. GDPR gr. 6(1)(a)
- Vegna framkvæmdar samnings um fjármálþjónustu, sbr. GDPR gr. 6(1)(b)

- Til að uppfylla lagalegar skyldur vegna reglugerðar um peningþvætti og fjármögnun hryðjuverkastarfsemi eða annarra efnahagslegra reglugerða, sbr. GDPR gr. 6(1)(c)

## Lágmörkun gagna

Við vinnum aðeins þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að uppfylla yfirlýst markmið. Auk þess kunnum við að vera lagalega skyldug til að safna og geyma ákveðnar upplýsingar um þig. Við geymum persónuupplýsingar eingöngu eins lengi og nauðsynlegt er eða krafist er samkvæmt lögum. Persónuupplýsingum er eytt eða þær gerðar nafnlausar þegar ekki er lengur nauðsynlegt fyrir okkur að vinna þær.

## Við höldum gögnum uppfærðum

Þar sem þjónusta okkar er háð því að persónuupplýsingar þínar séu réttar og uppfærðar biðjum við þig um að upplýsa okkur um allar mikilvægar breytingar á persónuupplýsingum þínum. Þú getur notað tengiliðaupplýsingarnar á fyrstu blaðsíðu þessarar stefnu til að upplýsa okkur um breytingarnar. Við munum þá uppfæra upplýsingarnar í gagnagrunnum okkar. Verðum við þess áskynja að upplýsingar okkar um þig séu rangar munum við uppfæra þær og tilkynna þér um það.

## Fréttabréf

Samþykki þitt fyrir móttöku fréttabréfs okkar er valkvætt og þú getur afturkallað samþykkið hvenær sem er með því að hafa samband við okkur. Notaðu framangreindar samskiptaupplýsingar til að fá frekar upplýsingar.

## Sending á upplýsingum þínum

Til aðila sem vinna sem úrvinnsluaðilar gagna fyrir Orka Card Aps sem er umsjónaraðili gagna.

- Við kunnum að nota nokkra utanaðkomandi aðila til að geyma og vinna upplýsingarnar fyrir okkar hönd.
- Þeir vinna eingöngu úr upplýsingunum fyrir okkar hönd og er ekki heimilt að nota þær í eigin þágu.
- Við leggjum áherslu á gagnavinnsluaðila frá ESB og löndum sem samþykkt eru af Evrópuráðinu með tilliti til viðeigandi verndar á persónuupplýsingum, sbr. GDPR gr. 45.
- Gagnavinnsluaðilar okkar eru:
  - Önnur fyrirtæki í ORKA-samsteypunni
  - Aðilar sem veita lausnir í upplýsingatækni

Til aðila sem vinna með Orka Card Aps sem sameiginlegir umsjónaraðilar gagna.

- Sameiginleg umsjón þýðir að báðir aðilar bera ábyrgð á markmiði og vinnslu persónuupplýsinga og þeir aðilar eru:
  - Aðilar sem veita fjármálaþjónustu
  - Aðrir þjónustuveitendur sem bjóða viðskiptavinum okkar önnur tilboð

## Réttindi þín

Með því að hafa samband við okkur í gegnum samskiptaleið efst í skjalinu getur þú:

- fengið aðgang að öllum persónuupplýsingum um þig sem við búum yfir
- leiðrétt rangar persónuupplýsingar
- látið eyða persónuupplýsingum þínum
- fengið afrit af persónuupplýsingum þínum (færanleiki gagna) í því skyni að flytja þær til annars umsjónaraðila gagna
- mótmælt vinnslunni
- látið takmarka vinnslu persónuupplýsinganna þinna

### Önnur réttindi

Þú átt alltaf rétt á að afturkalla áður veitt leyfi til vinnslu á persónuupplýsingum.

Þú átt rétt á að banna Orka Card að vinna upplýsingar vegna beinna auglýsinga, fjarsölu og í öðrum beinum markaðslegum tilgangi sem og vegna markaðs- og spurningakannana.

Í tengslum við sérstakar aðstæður átt þú rétt á að andmæla annarri vinnslu af hálfu Orka Card á persónuupplýsingum, sérstaklega að því marki sem vinnslan byggist á lögmætum hagsmunum Orka Card. Þú verður svo að tilgreina þær sérstöku aðstæður sem andmæli þín gegn vinnslunni eru byggð á. Orka Card getur neitað að verða við andmælum þínum á grundvelli laga.

Þegar þú hefur samband við okkur í því skyni að nýta þér framangreindan rétt munum við svara innan eins mánaðar. Ef við getum ekki orðið við beiðni þinni munt þú fá skýringu.

Þú getur ávallt haft samband við okkur til þess að nýta þér rétt þinn eða ef þú hefur spurningar varðandi vinnslu okkar á upplýsingum þínum. Samskiptaupplýsingar okkar eru efst í skjalinu.

Ef þú ert enn ekki ánægð/ur með vinnslu okkar á upplýsingum þínum eftir að hafa verið í sambandi við okkur áttu rétt á að senda kvörtun til <https://www.datatilsynet.dk/english>.